

Guðmundur Björgvinsson í Kjarvalsstöðum:


# 100 málverk í vestursalnum

„Er þetta ekki allt saman til fyrirmyndar,“ sagði Guðmundur Björgvinsson listmálari þegar við lötum inn til hans á Kjarvalsstöðum þar sem hann sýnir málverk sín í vestursalnum, en sýningunni lýkur í kvöld. Guðmundur sýnir þarna 100 málverk og hefur aðsókn verið mjög góð og margar myndir selst.

Guðmundur Björgvinsson nam mannfræði, sálarfræði og myndlist, þ.e. teikningu, skúlptúr og listasögu, við University of Redlands í Kaliforníu. Við Háskóla

Íslands hefur Guðmundur numið sömu greinar auk frumulíffræði og íslenskra bókmennta.

Guðmundur kvæðst ánægður með aðsókn að sýningunni. Hann skiptir sýningunni í tvo þætti, pastel annars vegar og prentliti og túss hins vegar. Guðmundur Björgvinsson er 26 ára gamall, en hann hefur áður sýnt á haustsýningum FÍM að Kjarvalsstöðum 1977, 1979 og 1980 og 5 einkasýningar hefur hann sýnt í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Keflavík, og á Akranesi.



Guðmundur Björgvinsson ásamt nokkrum mynda sinna.



**Í dag er fyrsti sunnudagur í aðventu og við kynnum nýju jólalitina okkar.**

Jólaskreytingarnar, sem við höfum unnið fyrir þessi jól, eru að okkar mati þess virði að líta á — áður en þið leitið annað.

**Láttu sjá þig, því í dag erum við með heitt kakó með rjóma og nýjar heima-bakaðar smákökur fyrir alla þá, sem líta inn**

Í tilefni dagsins veitum við afslátt á öllum pottaplöntum. **10%**

OPIÐ ALLA DAGA OG HELGAR FRÁ KL. 9-9

**BLÓM & ÁVEXTIR**

Hafnarstræti 3. Símar 21717 og 23317

ALLAR SKREYTINGAR UNNAR AF FAGMÖNNUM

## Bridge

Umsjón: ARNÓR RAGNARSSON

### Bridgefélag Reykjavíkur

Tíu umferðum af 13 er lokið í aðalsveitakeppni félagsins og er staða efnu sveita:

Sævar Þorbjörnsson	142
Samvinnuferðir	139
Hjalti Eliasson	129
Jón Þorvarðarson	125
Sigurður B. Þorsteinsson	124
Karl Sigurhjártarson	115

Tværu umferðir verða spilaðar á miðvikudaginn. Spilað er í Domus Medica.

### Bridgedeild Rangæinga

Lokið er fimm kvöld tvímenningi hjá deildinni með sigri Sigurleifs Guðjónssonar og Gísla Guðvinssonar sem hlutu 1224 stig.

Röð efnu para varð annars þessi:

Lilja Halldórsdóttir — Daníel Halldórsson	1133
Magnea Vigfúsdóttir — Stefán Björnsson	1124
Gunnar Helgason — Arnar Guðmundsson	1119
Karl Gunnarsson — Páll Sigurðsson	1090
Ásta Þórðardóttir — Bjarni Guðmundsson	1074

Sextán þör tóku þátt í keppinni. Miðvikudaginn 10. desember verður spilað eins kvölds sveitakeppni og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Hefst keppnin kl. 19.30.

### Hreyfill — BSR — Bæjarleiðir

Premur umferðum af þrettán er lokið í sveitakeppni bílstjóranna og er staða efnu sveita þessi:

Daníel Halldórsson	55
Guðlaugur Nielsen	53
Þórður Eliasson	40
Mikhael Gabrielsson	35
Einar Hjartarson	36
Rósant Hjörleifsson	31
Jón Sigurðsson	29

Næsta umferð verður spilað á mánudag í Hreyfilsúsinu og hefst keppnin kl. 20.

### Bridgedeild Breiðfirðinga

Fimm umferðum af sex er lokið í Butler-tvímenningnum og er staða efnu para nú þessi:

Kristján Ólafsson — Runólfur Sigurðsson	444
Albert Þorsteinsson — Sigurður Emilsson	440
Magnús Oddsson — Þorsteinn Laufdal	419
Jón Stefánsson — Ólafur Ingimundarson	412
Jón Pálsson — Eyvindur Valdimarsson	409
Erla Sigurjónsdóttir — Ester Jakobsdóttir	406
Ingibjörg Halldórsdóttir — Sigvaldi Þorsteinsson	397
Böðvar Guðmundsson — Ólafur Gíslason	396
Gísli Víglundsson — Þórarinn Árnason	391

Síðasta umferðin verður spilað á fimmtudaginn í Hreyfils-

húsinu og hefst keppnin stundvíslega kl. 19.30.

### Bridgefélag Breiðholts

Sl. þriðjudag lauk þriggja kvöldra hraðsveitakeppni hjá félaginu með sigri sveitar Baldurs Bjartmarssonar sem hlaut 1383 stig. Auk Baldurs eru í sveitinni: Rafn Kristjánsson, Sigurður Rögnvaldsdóttir og Hannes Jónsson. Sveit Bergs Ingimundarsonar varð í öðru sæti með 1308 stig og sveit Ólafs Garðarsonar þriðja með 1285 stig.

Næstu þriðjudaga verður spilaður tvímenningur og eru allir húsar velkomnir. Spilað er í húsi Kjöts og fiskis í Seljahverfi og hefst keppnin stundvíslega kl. 19.30. Keppnistjóri er Hermann Lárusson.

### Tafl og Bridgeklúbburinn

Fimmtudaginn 27. nóvember hófst þriggjakvöld tvímenningur hjá félaginu. Spilað er með Butler fyrirkomulagi. Spilað er í tveimur 14 para riðlum. Sex efnu þör eftir fyrsta kvöldið eru þessi:

Bragi Jónsson — Rafn Kristinsson	65
Valur Sigurðsson — Páll Valdimarsson	65
Orwell Outly — Hermann Lárusson	61
Ingólfur Böðvarsson — Guðjón Ottósson	51
Vilhjálmur Pálsson — Dagbjartur Pálsson	48
Sigurður Steingrímsson — Gísli Steingrímsson	45

Fimmtudaginn 4. desember verður spilað fimmta umferð í Butler-tvímenningssveitunni. Spilarar mætið kl. 19.10 stundvíslega. Spilað er í Domus Medica.

### Bridgedeild Skagfirðinga

Fjórum umferðum af fimm er lokið í tvímenningnum en spilað er í tveimur 10 para riðlum.


Staða efnu para. Bjarni Pétursson — Ragnar Björnsson	504
Jón Stefánsson — Þorsteinn Laufdal	497
Björn Eggertsson — Karl Adolphsson	483

Guðrún Hinriksdóttir — Haukur Hannesson	467
Andrés Þórarinnsson — Hjálmar Pálsson	467

Hjalmar Kristjánsson — Ragnar Hjálmarsson	462
---	-----

Sigmar Jónsson — Sigrún Pétursdóttir	450
Jón Hermannsson — Ragnar Hansen	449

Medalskor 432 Næst verður spilað á þriðjudaginn í Drangey og hefst keppnin kl. 19.30.



EF ÞAÐ ER FRÉTT-NÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í MORGUNBLAÐINU

AUGLÝSINGA-SÍMINN ER: 22480